

**Fundargerð 277. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
föstudaginn 30. maí 2008 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.
Fundargerðin rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Karl Kristjánsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir, Egill Sigurgeirsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 276. fundar hreppsnefndar 15. maí 2008. Samþykkt.
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 27. maí 2008. Afgreiðslu frestað.
3. Fundargerð umhverfis- og nátturuverndarnefndar 28. maí 2008. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Bréf dags. 26. maí 2008 frá Vegagerðinni með umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir nýbyggingu vega í Gufudalssveit. Afgreiðslu frestað.
2. Bréf dags. 19. maí 2008 frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu með ósk um að Reykhólahreppur staðfesti mörk milli eignarlands ríkisins og sveitarfélagsins í Flatey. Samþykkt.
3. Bréf dags. 17. maí 2008 frá lögreglustjóranum á Vestfjörðum með ósk um heimild til þess að yfirfara lögreglusamþykkt fyrir umdæmið, vinna umdirbúningsvinnu og senda sveitarfélaginu til yfirferðar. Samþykkt.
4. Tillaga að aðalskipulagi fyrir Reykhólahrepp 2006-2018. Tillagan samþykkt.
5. Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2007, seinni umræða. Ársreikningurinn samþykktur. Guðmundur Snorrason endurskoðandi mætti á fundinn og fór yfir ársreikninginn.

Önnur mál:

1. Samningur um grenjaleit. Sveitarstjóra og Agli falið að semja um málið.
2. Tölvupóstur dags. 29. maí 2008 frá Gunnlaugi Péturssyni fyrir hönd landeiganda Grafar og Hallsteinsnes varðandi framkvæmdaleyfi vegna leiðar B milli Þórisstaða í Þorskafirði og Krakár á Skálanesi. Lagt fram til kynningar.
3. Kaup Reykhólahrepps á hluta lands úr jörðinni Reykhólum. Samþykkt að óska eftir kaupum á landi úr landi Reykhólajarðarinnar samkvæmt landskiptaupprætti dags. 2. maí 2008, landnúmer 216276, 103,57 ha.
4. Bréf frá Ingibjörgu Þór dags. 30. maí 2008 með beiðni um að halda launum í nokkra daga á ári vegna fjarnáms. Samþykkt.
5. Bréf dags. 30. maí 2008 frá Karli Kristjánssyni, Herði Grímssyni og Þránni Hjálmarssyni um leyfi til heyflutninga.
Karl Kristjánsson vísar af fundi.
Samþykkt.
Karl Kristjánsson kemur inn á fundinn.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.47.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign), Karl Kristjánsson (sign), Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign), Rebekka Eiríksdóttir (sign), Egill Sigurgeirsson (sign) og Óskar Steingrímsson (sign)